



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Aðkoma Reykjavíkurborgar að leigu á húsnæði fyrir almenna dagdvöl að Höfðabakka 9

Meðfylgjandi er umsögn undirritaðrar vegna erindis heilbrigðisráðuneytisins er varðar leigu á húsnæði fyrir almenna dagdvöl að Höfðabakka 9.

Lagt er til að Reykjavíkurborg yfirtaki samning við Reiti um leigu húsnæðisins og framlengi nógildandi samning sem gildir til 14. nóvember 2022. Framlag borgarinnar yrði 14 milljónir á ársgrundvelli en ekki er gert ráð fyrir þessu fjármagni í fjárhagsáætlun ársins.

Velferðarsvið óskar eftir heimild til að ganga til samninga við heilbrigðisráðuneytið og Reiti með það í huga að taka við leigusamningi frá 1. september næstkomandi. Óskað er eftir fjárheimild að upphæð 5 milljónir á árinu 2022 og fjárveitingu í fimm ára áætlun sem nemur 14 milljónum á ársgrundvelli.

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 15. júní 2022
Tilv.: HRN21080057/04.61.03

Efni: Aðkoma Reykjavíkurborgar að leigu á húsnæði fyrir almenna dagdvöl að Höfðabakka 9.

Síðari hluta árs 2021 tók heilbrigðisráðuneytið á leigu húsnæði í eigu Reita fasteignafélags hf, að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Um 611 m² jarðhæð er að ræða. Helmingur hæðarinnar hefur verið nýttur fyrir sérhæfða dagdvöl á vegum Hjúkrunarheimilisins Eirar, sem nýtti fyrra rými dagdvalarinnar fyrir Covid deild. Nú hefur Covid deildinni verið lokað og verið er að undirbúa flutning sérhæfðu dagdvalarinnar aftur á Eir.

Heilbrigðisráðuneytið leggur mikla áherslu á að fjölga almennum dagdvalarrýmum og lengja þann þjónustutíma sem í boði er fyrir eldra fólk á höfuðborgarsvæðinu. Hægt er að reka allt að 50 almenn dagdvalarrými í húsnæðinu, við góðan aðbúnað og aðgengi. Fjölgun almennra dagdvalarrýma mun án efa létta álagi af heimaþjónustu sem rekin er á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Sveitarfélög eða rekstraraðilar leggja alla jafna til húsnæði fyrir almenna dagdvöl en Sjúkratryggingar Íslands gera sammings um greiðslur daggjalda. Hluti daggjaldanna er svokallað húsnæðisgjald.

Umsamið leiguverð á umræddu húsnæði er 1.588.600 kr. á mánuði og tekur leigan hækkunum eftir vísitölu neysluverðs.

Heilbrigðisráðuneytið óskar hér með eftir því að Reykjavíkurborg yfirtaki samning við Reiti um leigu húsnæðisins og framlengi núgildandi samning, sem gildir til 14. nóvember 2022. Húsnæðisgjaldahluti daggjaldanna mun ganga upp í leiguna og því yrði framlag Reykjavíkurborgar um 14 m.kr. á ársgrundvelli.

Elsa B. Friðfinnsdóttir



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Umsögn um beiðni heilbrigðisráðuneytis um aðkomu Reykjavíkurborgar að leigu á húsnæði fyrir almenna dagdvöl í austurhluta borgarinnar að Höfðabakka 9

Vísað er til meðfylgjandi erindis heilbrigðisráðuneytisins til velferðarsviðs, dagsett 15. júní 2022, um aðkomu Reykjavíkurborgar að leigu á húsnæði fyrir almenna dagdvöl að Höfðabakka 9. Í erindinu er óskað eftir að Reykjavíkurborg yfirtaki samning við Reiti um leigu húsnæðisins og framlengi núgildandi samning sem gildir til 14. nóvember 2022. Umsamið leiguverð er 1.588.600 kr. á mánuði en húsnæðisgjaldahluti daggjaldanna mun ganga upp í leiguna og yrði framlag Reykjavíkurborgar því um 14 m.kr. á ársgrundvelli. Húsnæðið, 611 m², hefur frá síðari hluta árs 2021 verið nýtt sem Covid-deild og fyrir sérhæfða dagdvöl sem nú flytur aftur á Eir. Þá er tilgreint að sveitarfélög eða rekstraraðilar leggja alla jafna til húsnæði fyrir almenna dagdvöl en Sjúkratryggingar Íslands gera samning um greiðslur daggjalda.

Umsögn:

Dagdvalir eru reknar á daggjöldum frá ríkinu en sveitarfélög leggja í mörgum tilfellum til húsnæði. Í 13. gr. laga nr.125/1999 um málefni aldraðra segir að dagdvalir aldraðra séu stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Almennar dagdvalir eru alls þrjár í Reykjavík, Þorrasel sem velferðarvæðingur rekur, Sléttan sem Hrafnista rekur fyrir velferðarsvið og Múlabær sem rekin er af sjálfseignarstofnun. Sérhæfðar dagþjálfanir eru fyrir fólk með heilabilun og eru þær alls sex í Reykjavík. Í núgildandi stefnu Reykjavíkurborgar um málefni eldri borgara 2018-2022, segir að tryggja eigi gott aðgengi Reykvíkinga að dagdvölum. Í aðgerðaáætlun með stefnunni er kveðið á um að fjölga eigi almennum dagdvölum á vegum velferðarsviðs um tvær á gildistíma áætlunarinnar og þar af skuli ein vera í austurhluta borgarinnar. Fjölgað hefur verið um eina almenna dagdvöl en þann 28. febrúar 2020 var Sléttan, almenn dagdvöl, opnuð en samningur var gerður milli velferðarsviðs og Hrafnistu um rekstur þeirrar dagdvalar og greiðir velferðarsvið fyrir leigu á húsnæðinu. Mikil samskipti eru á milli forstöðumanns þeirrar dagdvalar og heimaþjónustu sem velferðarsvið rekur á Norðurmiðstöð varðandi skjólstæðinga sem þurfa á slíku dagdvalarúrræði að halda. Með sambærilegum hætti er mikil og góð samvinna milli dagdvalarinnar Þorrasels sem velferðarsvið rekur og heimaþjónustu á Vesturmiðstöð. Engin sambærileg dagdvöl er í tengslum við þriðju heimaþjónustueininguna sem staðsett er á Austurmiðstöð. Mjög mikilvægt er að slík dagdvöl sé starfrækt í þessum hluta Reykjavíkur þar sem fjölgun í hópi aldraða er einna mest í Árbæ. Alls bjuggu 16.659 einstaklingar 67 ára og eldri í Reykjavík í byrjun árs 2022. 31% þeirra búa á því svæði sem Vesturmiðstöð sinnir, 25% á því svæði sem Norðurmiðstöð sinnir og 44% á því svæði sem Austurmiðstöð sinnir. Rétt er að taka fram að Austurmiðstöð sinnir heimaþjónustu fyrir alla íbúa sem búa austan við Elliðaár, þ.m.t. á þjónustusvæði Suðurmiðstöðvar í Breiðholti. Eitt af því sem skiptir miklu máli varðandi þátttöku eldra fólks í dagdvölum er að þurfa ekki að sitja langar vegalengdir í bíl og margir hafna því að sækja dagdvöl af þeim sökum. Á síðustu árum hafa skrifstofa öldrunarmála og húsnæðisteymi velferðarsviðs kannað kostnað við að breyta húsnæði í eigu Félagsbústaða eða Reykjavíkurborgar til að koma fyrir dagdvöl, en fallið hefur verið frá því vegna umtalsverðs breytingakostnaðar.



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið telur mjög mikilvægt að Reykjavíkurborg hafi aðkomu að leigu á húsnæði fyrir almenna dagdvöl að Höfðabakka enda um mjög góða staðsetningu að ræða fyrir hruma aldraða sem búa á þjónustusvæði sem Austurmiðstöð sinnir. Velferðarsvið hefur góða reynslu af sambærilegu verkefni, Sléttunni á Sléttuvegi sem Hrafnista rekur, en eins og fram kom að ofan þá er velferðarsvið handhafi dagdvalarrýmanna sem Hrafnista rekur.

Regína Ásvaldsdóttir

Sviðsstjóri

Fylgiskjal: Bréf heilbrigðisráðuneytisins frá 15. júní 2022